



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/790
komudagur 7.1.2014

Reykjavík, 6. janúar 2013

Umsögn ÍSí vegna 195. máls - tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar ofangreindri ályktun og telur afar jákvætt að ríkisvaldið móti heildstæða stefnu um afreksíþróttir og afreksíþróttafólk í samvinnu við ÍSí og sveitarfélög.

Vert er að benda á umfjöllun í fjölmiðlum undanfarin misseri þar sem ýmsir úr hópi okkar fremsta afreksíþróttafólks hafa lýst aðbúnaði og aðstæðum sínum, fórnunum og í sumum tilfellum skertum lýðréttindum vegna þeirrar krefjandi ástundunar sem fylgir því að taka þátt í íþróttum á afreksstigi án þess að nægilegur stuðningur fylgi.

Á Norðurlöndum viðurkennir hið opinbera mikilvægi afreksíþrótta með sérstökum lögum um afreksíþróttir (Danmörk) eða með áherslum í hvítbók um íþróttastarfið (Noregur). Fjármagn til verkefna og starfsemi þeirra samtaka sem vinna að málaflokknum er margfalt á við það sem íslenska íþróttahreyfingin býr við. Ef við viljum standa jafnfætis nágrannþjóðum okkar þá þarf mun öflugri stuðning við allt afreksíþróttastarf, þ.m.t. framfærslu íþróttamanna sem og lýðréttindi þeirra í íslensku þjóðfélagi.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur ásamt sínum aðildarsamböndum sett fram stefnu í afreksíþróttum frá árinu 2000 og er fjallað um stefnuna á Íþróttáþingum ÍSí. Jafnframt er sérsamböndum gert að vera með virka stefnu um afreksmál og fjalla um hana árlega á sínum vettvangi. Í þessum stefnum er fjallað um meginmarkmið afreksíþróttastarfsins á næstu árum, með mælanlegum viðmiðum og metnaðarfullum aðgerðum.

Í september 2011 var gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu stefnumótun í íþróttamálum þar sem fjallað er um keppnis- og afreksíþróttir í einum kafla. Mikilvægt er að tryggja og efla fjármögnun afreksíþróttastarfs, eins og getið er um í stefnunni.

Virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri